

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Áka Jakobssonar hrl., kr. 3.000,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. maí 1959.

Nr. 17/1959. **Ákærvaldið** (Guðm. Ásmundsson hrl.)

gegn

Jóni Friðrikssyni (Guðm. Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur nokkur frekari rannsókn verið háð í málinu.

Sakaratriðum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi og brot ákærða færð til réttra refsíákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 4.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ekki þykir næg ástæða til að svipta ákærða ökuleyfi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Friðriksson, greiði 4.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Ásmundssonar og Guðmundar Péturssonar, kr. 3.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. október 1958.

Ár 1958, föstudaginn 24. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5341/1958: Ákærvaldið gegn Jóni Friðrikssyni, sem dómtekið var 11. október sl.

Málið er höfðað skv. ákæruskjali, dags. 26. júlí sl., gegn Jóni Friðrikssyni strætisvagnsstjóra, Hólmgarði 28 hér í bæ, fyrir að hafa um klukkan 20.20 mánudaginn 15. apríl sl. eigi sýnt næga aðgæzlu, er hann var að aka strætisvagninum R-6789 af stað af Sogavegi frá biðstöð strætisvagna rétt við gatnamót Sogavegar og Skeiðvallarvegar, með þeim afleiðingum, að konan María Jónsdóttir, Arnarholti við Breiðholtsveg, fædd 23. jan. 1897, varð undir öðru (ytra) vinstra afturhjólí vagnsins og slasaðist svo mjög, að hún beið bana af nokkru síðar. En konan hafði verið að ganga út um dyr strætisvagnsins á vinstri hlið hans, er kápa hennar festist milli stafs og hurðar eða hurðarstýringar, þegar ákærði lokaði dyrunum og ók af stað, og féll konan við það á götuna og varð undir strætisvagninum með framangreindum afleiðingum.

Telst brot ákærða varða við 215. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 1. mgr. 26. gr., sbr. 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, sbr. 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna. fæddur 2. jan. 1918 að Stóra-Ósi í Ytri-Torfustaðahreppi. Sakavottorð hans er svo hljóðandi:

- 1944 7/12 Rvík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir rangstæði bifreiðar á einstefnuakstursgötu.
- 1948 23/2 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1951 3/12 Rvík. Áminning fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 15. apríl sl. kl. 20.20 var tilkynnt á lögreglustöðina, að umferðarslys hefði orðið á Sogavegi við gatnamót Skeiðvallarvegar. Er á staðinn kom, lá María Jónsdóttir, Arnarholti við Breiðhóltsveg, í götunni meðvitundarlaus. Tildrög slyssins reyndust hafa verið þau, að María, sem fædd var 23. janúar 1897, hafði komið með strætisvagninum R-6789 á nefndan stað, en þar er viðkomustaður strætisvagna. Hafði vagninn komið suður Skeiðvallarveg og verið beygt vestur Sogaveg. Fór hún þarna út úr vagninum um dyr, sem eru vinstra megin á vagninum rétt fyrir aftan miðju. Er hún var að stíga niður úr vagninum, var hurð hans lokað. Við það, var talið, að kápa hennar hefði festst í stýringu, sem er á hurðinni að neðan. Er vagninn var tekinn af stað, dróst hún með honum stuttan spöl, áður en hún féll í götuna, en þá fór afturhjól vagnsins, sem er tvöfalt, yfir mjöðm hennar og upp eftir baki hennar. Strætisvagninum var ekið á brott að slysinu afstöðnu. Ekki náðist til ökumanns vagnsins fyrr en vestarlega á Sogavegi, og var honum þá tilkynnt um slysið. Hélt hann þegar á slyssstaðinn. Hann skýrði frá því, að hann hefði á engan hátt orðið slyssins var. Það upplýstist, að María hafði komið upp í vagninn á Lækjartorgi og verið á leið heim til sín. María var færð í sjúkrahús, en þar andaðist hún af afleiðingum slyssins rétt fyrir kl. 00.30 um nóttina. María heitin lá að slysinu afstöðnu á Sogavegi sunnan megin götunnar skammt frá Skeiðvallarvegi, og var þar blóðblettur á götunni. Við athugun á kápu hennar sáust för eftir hjól strætisvagnsins á vinstri hliðinni. Við skoðun reyndust stjórn- og öryggistæki strætisvagnsins R-6789, sem er af Volvogerð frá 1956, vera í lagi. Vagninn er skráður fyrir 80 farþega, 30 í sætum og 50 stæði, og er stýrið á honum hægra megin. Þrennar dyr eru á vinstri hlið vagnsins, og stjórnar ökumaður opnun og lokun hurða með hægri hendi. Færir hann til stjórntæki hurðarinnar fram eða aftur eftir því, hvort opna á eða loka. Þrýstiloft er notað við þessa stjórn hurðanna. Ökumanni vagnsins er ætlað að fylgjast með farþegum í speglum, sem komið er fyrir í fyrsta lagi fyrir ofan og vinstra megin við vinstri

framrúðu og svo öðrum fremst sitt á hvorri hlið, og getur ökumaður í þeim séð aftur með hlið vagnsins. Þá er einnig hringing inni í vagninum, sem farþegar geta notað, ef með þarf, ef tilkynna þarf ökumanni um að stöðva. Töldu bifreiðaeftirlitsmenn, að konan hefði fest kápu sína milli hurðar og stafs í stýringu, sem hurðin fellur í og er ofan á neðri tröppunni. Hurðarstýringin er til þess, að hurðin sé föst að neðan, þegar henni hefur verið lokað. Stýring þessi er V-mynduð, 5 sm á hæð, 5 á breidd og 5 á dýpt. Dyr þær, sem María heitin fór út um, eru 75 sm á breidd, og er stigið niður tröppur, er farið er út úr bifreiðinni. Frá gólfi í efri tröppu eru 27 sm, í neðri 32 sm og niður á götu 47 sm. Segir í vottorði bifreiðaeftirlitsins, að dyr, hurðir og tröppur séu í fullu samræmi við erlendar yfirbyggingar frá Svíþjóð, en á samsvarandi yfirbyggingum þaðan er hurðarstýring þessi 8 sm á hæð, breidd og dýpt, og sízt betri en á íslenzku yfirbyggingunum.

Er slysið varð, var dagsbirta, heiðskírt veður og færi þurrt. Yfirborð vegarins á slysstaðnum var malborið og laust.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi hafið akstur strætisvagnsins um kl. 19.15 umrætt kvöld. Gekk strætisvagninn leiðina Sogamýri—Rafstöð, og hafði ákærði ekið á þeirri leið sl. 10 ár. Ákærði var í annarri ferð sinni frá Lækjartorgi, er slysið varð. Fór hann af stað kl. 22.00 og ók inn að rafstöð. Kl. 20.15 ók hann frá rafstöðinni út á Skeiðvallarveg og hann til suðurs. Af Skeiðvallarvegi beygði ákærði inn á Sogaveg og nam staðar á viðkomustað þar, sem er rétt við gatnamótin. Á biðstöð þessari kom fólk upp í vagninn, og taldi ákærði, að um 6—8 manns hefði verið að ræða. Ákærði kvaðst hafa stanzað eðlilega á syðri jaðri Sogavegar, en vagninn var þó ekki alveg réttur fyrir í götunni, því að framendi hans var nær syðri vegjaðri. Er ákærði hafði staðnæmzt, opnaði hann hurðirnar 3, sem eru á vinstri hlið vagnsins. Farþegar komu síðan inn í vagninn, eins og áður greinir, og enn fremur fóru einhverjir úr honum, en hve margir þeir voru, kvaðst ákærði ekki vita. Að því búnu kvaðst ákærði hafa litið í spegil, sem er utanvert á fremri dyrastaf við framhurðina. Er það venja hans að gå í speglana, sem eru í vagninum, áður en ekið er af stað. Ákærði sá, að fólk var við vinstri hlið vagnsins á móts við miðju hans, og gat hann ekki annað séð en að það væri allt komið út úr vagninum og laust frá honum. Ákærði ók nú af stað með eðlilegum hætti og lokaði hurðunum. Varð hann ekki var við annað en allt

væri með felldu. Hann heyrði ekki hljóð né fann, að vagninn færi yfir neitt. Ók ákærði sem leið lá vestur Sogaveg. Var nokkuð af farþegum í vagninum, líklega 20—30 manns. Ekki gerði neinn þeirra ákærða aðvart um það, að neitt hefði gerzt. Ákærði nam fyrst staðar á viðkomustað við gatnamót Bústaðavegar, síðan á viðkomustað við Tunguveg, þá Borgargerði, Réttarholtsveg og að lokum við Breiðagerði. Var ákærði stöðvaður þar í akstri af öikumanni á vörubifreið, og skýrði hann honum frá slysinu. Ákærði fór úr vagninum á slysstaðinn, en annar tók við honum og ók honum áfram. Ákærði sá blóð í götunni á slysstaðnum, þar sem hann taldi sig hafa stöðvað vagninn í umrætt skipti. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið sérstaklega eftir konu þeirri, sem beið bana í slysinu, er hún kom upp í vagninn, og ekki vissi hann um ferðir hennar, er hún fór úr honum. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað um það, að föt gætu festst, er hurð væri lokað á þá, sem eru að fara út úr vagninum. Taldi hann slíkt óhugsandi. Ákærði var vel fyrirhallaður og hafði hugann við aksturinn. Taldi hann sig hafa sýnt venjulega aðgæzlu, er hann ók af stað. Nokkur hávaði er í hreyfli strætisvagnsins R-6789, og rykkjast slíkir vagnar aðeins til, er þeim er ekið af stað.

Vitnið Björg Einarsdóttir, D-götu 7 við Breiðholtsveg, hefur skýrt frá því, að þær María heitin hafi orðið samferða í strætisvagninum R-6789, er slysið varð. Fóru þær báðar út úr vagninum á viðkomustaðnum. Vitnið var á undan, en það kvaðst hafa vitað af Maríu heitinni rétt fyrir aftan sig. Er vitnið hafði stigið báðum fótum á götuna á leið sinni út úr vagninum, sneri það sér við til að hjálpa Maríu heitinni út úr vagninum. Stóð hún þá á neðri pallinum við dyrnar. Hurð vagnsins var nú lokað, og um leið var vagninum ekið af stað. María heitin steig niður úr vagninum, eftir að hann var kominn af stað. Kom hún fótunum fyrir sig í fyrstu, en vitnið sá svo, að hún féll í götuna við hlið vagnsins. María heitin losnaði frá vagninum, er var ekið áfram, og sá vitnið, að ytri hjólbarði vinstra afturhjóls lenti ofan á aftanverðu hægra læri hennar. Fór hjólið upp eftir lærinu upp að mjöðm, en þá var eins og það lenti út af líkama hennar. Vagninum var ekið hiklaust áfram, og virtist enginn í honum verða var við slysið. María heitin rak ekki upp óp, er slysið varð. Hún lá svo kyrr langsum í götunni með höfuðið í vestur, en fætur í austur. Hún var fyrst með meðvitund, en síðan fór að draga af henni.

Vitnið Lilja Eiðsdóttir, Bústaðabletti 9, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt heima hjá sér, er umrætt slys varð, en heimili þess stendur sunnan við Sogaveg gegnt gatnamótum Skeiðvallarvegjar. Vitnið átti hálft í hvoru von á fólki með strætisvagni, er það sá koma suður Skeiðvallarveg. Vitnið horfði á strætisvagninn, er honum var beygt af Skeiðvallarvegi inn á Sogaveg til vesturs. Er vagninn hafði verið stöðvaður, kom allmargt fólk út úr honum um miðdyrnar. Fylgdist vitnið með ferðum þess. Vitnið sá, að kona kom síðast út úr vagninum. Er hún var komin á neðri tröppuna án þess að vera farin að stíga niður á götuna, var hurð vagnsins lokað, og ýtti hún á konuna. Kom fát á konuna við þetta, fálmaði hún út í loftið og reyndi að grípa um eitthvað. Konan steig til jarðar og kom vel fyrir sig fótum, en þá um leið var vagninum ekið af stað. Fór hann eðlilega af stað og alls ekki hratt. Vitnið veitti því svo athygli, að konan var eitthvað föst við vagninn, því að í fyrstu hljóp hún með honum. Konan fór síðan að hallast fram yfir sig, og loks féll hún í götuna fram yfir sig við vinstri hlið vagnsins. Konan dróst með vagninum stuttan spöl, en síðan losnaði hún frá honum. Vitnið sá ekki, er afturhjólin fóru yfir konuna. Vagninum var ekið hiklaust áfram, og hvarf hann vitninu sjónum. Konan lá langsum í götunni að slysinu afstöðnu á hægri hliðinni. Sneri höfuð hennar í austur, en fætur í vestur.

Vitnið Guðmundur Guðjónsson, Hólmgarði 10, var á leið vestur Sogaveg á vörubíreið. Vitnið veitti strætisvagni athygli, þar sem hann stóð á viðkomustað á Sogavegi rétt vestan við gatnamót Skeiðvallarvegjar. Strætisvagninum var ekið af stað, er vitnið átti skamman spöl ófarinn að honum. Er vitnið var komið fram hjá vagninum, tók það eftir konunni, þar sem hún lá á syðri vegjaðri Sogavegar. Vitnið vissi ekki, hvað gerzt hafði, en nam staðar og hélt að konunni. Konan lá kreppt á hægri hliðinni, og sneri andlit hennar í suður. Höfuð hennar sneri í vestur. Vitnið tók strax eftir því, að greinilegt hjólfar sást á vinstri hliðinni á kápu konunnar, og lá far þetta á ská upp á vinstra læri hennar, síðan eftir allri vinstri hliðinni, þar til það endaði upp undir vinstra herðablaði, en síðan stefndi það út af hlið konunnar fyrir ofan mjöðm. Vitnið veitti strætisvagns-stjóranum eftirför og gerði honum aðvart um slysið.

Vitnið Jóhanna Gunnars Björnsdóttir, Álfhólsvegi 75, hefur skýrt frá því, að það hafi komið upp í strætisvagninn R-6789 á Sogavegi á biðstöðinni við Skeiðvallarveg, er umrætt slys varð.

Vitnið kvað a.m.k. 5 manns hafa komið upp í vagninn þarna. Vitnið vissi ekki, hvernig vagninn stóð. Vitnið varð fyrst upp í vagninn og fékk sér sæti í honum miðjum, hægra megin. Sat vitnið aðeins aftur af miðhurðinni, sem er vinstra megin í vagninum. Vitnið veitti ekki athygli fólki því, sem fór út úr vagninum. Vitnið kvaðst hafa séð, er hurðin, sem er á miðju vagnsins, lokaðist. Varð vitninu litið af algerri tilviljun á hurð þessa, er hún var að lokast. Sá það, að hluti af rauðri kápu var í gættinni milli hurðarinnar og aftari dyrastafsins. Vitninu datt í hug, að kápan mundi festast og hætta væri á ferðum, en þar sem enginn annar í vagninum virtist taka eftir neinu, taldi vitnið, að allt væri með felldu, og veitti þessu ekki frekari athygli. Vitnið sá ekki, er hurðin lokaðist á kápuna, og gat vitnið ekki sagt um það, hvort vagninn var þá kominn á ferð. Vagninum var ekið eðlilega af stað, og varð vitnið ekki á neinn hátt vart við það, að slys hefði orðið. Vitnið hafði ekki veitt því athygli, er kona í rauðri kápu fór út úr vagninum. Vagninn var svo stöðvaður, er hann var kominn vestur fyrir viðkomustaðinn við Breiðagerði. Heyrði vitnið þá, að slys hefði orðið, og datt í hug rauða kápan, er það sá, að klemmzt hafði í gættinni. Vitnið kvað ekki hafa verið fólk í öllum sætum í vagninum.

Vitnið Magnús Magnússon, Mel við Breiðholtsveg, hefur skýrt frá því, að það hafi verið farþegi í strætisvagninum R-6789 í umrætt skipti. Eftir að vagninn hafði staðnæmzt á biðstöðinni, þar sem slysið varð, stóð hann skakkur fyrir, þannig að framendinn var nær syðri vegjaðri Sogavegar en afturendinn. Vitnið fór út úr vagninum um öftustu dyrnar, en flestir aðrir fóru út um miðdyrnar. Vitnið var komið út úr vagninum og rétt byrjað að ganga austur Sogaveg, er það heyrði konu reka upp óp. Sneri vitnið sér þá við, og sá það þá eldri konu liggja í götunni við vinstri hlið vagnsins, og kvaðst vitnið ekki hafa betur séð en konan væri alveg laus við vagninn. Vitnið kvaðst svo hafa séð, að ytri hjólbarði á afturhjólí lenti ofan á vinstri fæti konunnar. Síðan fór hjólið áfram upp eftir læri konunnar upp að mjöðm og síðan áfram og svo út af baki hennar um herðarnar. Konan lá kyrr eftir í götunni langsum á hægri hliðinni, og sneri höfuð hennar í vestur. Vagninum var ekið áfram vestur Sogaveg, og virtist enginn í honum verða var við slysið.

Níels Dungal prófessor krufði lík Maríu heitinnar. Segir svo í ályktun hans við krufningu um dánarorsök:

„Við krufninguna fundust mjög miklar blæðingar í grindarholinu og út frá því. Stöfuðu þær frá tveimur miklum brotum, öðru á hægra skammbeini, sem var þverbrotið yfir og hinu á vinstra þjóbeini (os ischii), sem einnig var þverbrotið yfir, og hafði blætt mjög mikið frá þessum brotum.

Banameinið hefur verið hin miklu beinbrot og blæðingarnar út frá þeim, svo að konan hefur fengið lost og dáíð.“

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þá þykir ákærði ekki hafa sýnt nægilega aðgæzlu, er hann ók af stað, án þess að hafa fullvissað sig um það áður, að allir þeir, sem ætluðu úr vagninum, væru komnir alveg út úr honum og úr hættu, en til þess hafði ákærði aðstæður, sbr. það, sem að framan hefur verið rakið.

Telst ákærði með umræddri óaðgætni sinni hafa gerzt brotlegur gegn 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. nú 1. mgr. 26. gr., sbr. 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2.000,00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ekki þykir næg ástæða til að svipta ákærða ökuleyfi, og ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hrl., kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Friðriksson, greiði 2.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði á að vera sýkn af ákærunni um sviptingu ökuleyfis.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hrl., kr. 1.500,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.